

Nd.

427. Nefndarálit

[166. mál]

um frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp til laga um hækkun á bótum almannatrygginga hefur lengi verið til meðferðar hjá heilbrigðis- og félagsmálanefnd deildarinnar. Þetta er stjórnarfrumvarp. Er málið nú orðið svo síðbúið, að hækkunarþær, sem skv. frumvarpinu áttu að koma til greiðslu frá 1. janúar þessa árs, verða eigi greiddar fyrr en í lok fyrsta ársfjórðungs, þ. e. með bótum aprilmánaðar 1970. Með því að hér eiga hlut að máli tekjulægstu þegnar þjóðfélagsins, er slíkur dráttur á lagfæringu bótagreiðslna allbagalegur og lítt afsakanlegur.

Nefndin hefur klotnað um afgreiðslu málsins, og leggja stuðningsmenn stjórnarinnar í nefndinni til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en við í minni hlutanum, stjórnarandstæðingar í nefndinni, leggjum til, að ellilífeyrir og örorkubætur og aðrar bætur lífeyristrygginga hækki um 15%, í stað þess að frumvarpið gerir aðeins ráð fyrir 5.2% hækkun þessara bótagreiðslna.

Í heiti frumvarpsins er talað um hækkun á bótum almannatrygginga, og rétt er það, að með frumvarpi þessu er um nokkra krónutöluhækkun bóta að ræða frá gildandi lögum. En sé litið á kaupmátt bóttanna, væri það miklu fremur réttnefni, ef frumvarpið hétu frv. til l. um lækkun á bótum almannatrygginga, því að svo fjarri fer því, að krónutöluhækkun bóttanna haldi í við hækkun verðlags í landinu.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að fjölskyldubætur hækki nokkuð og taki hækkunin einungis til barna umfram eitt í fjölskyldu. Hefur lengi verið látið undir höfuð leggjast að hækka þennan lið bóta í samræmi við vaxandi dýrtíð. Er hér því fremur um langþráða leiðréttingu en um hækkun að ræða.

Þá segir enn í l. gr. frumvarpsins, að fæðingarstyrkur skuli frá 1. janúar 1970 hækka í 11 600 kr. við hverja fæðingu.

Sú krónutöluhækkun, sem verður á þessum lið, er skýrð þannig í athugasemdum við frumvarpið, að frá seinustu áramótum hafi daggjöld sjúkrahúsa og fæðingarstofnana hækkað verulega og nægi fæðingarstyrkurinn nú eftir lagfæringuna (13.7% hækkun) fyrir þeim kostnaði, sem konur þurfi að greiða í fæðingardeild Landspítalans.

En fæðingarstyrkurinn var í upphafi alls ekki hugsaður til greiðslu sjúkrahúskostnaðar við sængurlegu, heldur til greiðslu margvíslegs kostnaðar annars, sem fæðingu barns er samfara. Enda hefur það þrásinnis farið svo, að sjúkrahúskostnaður við fæðingu hefur orðið hærri en fæðingarstyrkurinn, og hafa sængurkonur þá fengið „aukarukkun“ á sængina. Svo getur enn farið að skömmum tíma liðnum, þrátt fyrir þessa leiðréttingu.

Sú staðreynd, að fæðandi konur eru láttnar afsala sér fæðingarstyrknum skriflega til greiðslu sjúkrahúskostnaðarins, sýnir líka berlega, að fæðingarstyrkurinn er lög-

um skv. til annars ætlaður. Að öðrum kosti væri afsalið ónauðsynlegt. — Hér verður aðeins ein viðunandi bót á ráðin, og hún er sú, að sjúkrahúskostnaður vegna fæðingar nýs borgara verði að sjálfsögðu greiddur af tryggingunum, eins og sérhver önnur sjúkrahúsdvöl að læknisráði. Allt annað er „lappari“ og kák og getur ært óstöðugan að breyta sífellt lagaákvæðum um fæðingarstyrk, eftir því sem daggjöld hækka á sjúkrahúsum og fæðingarstofnunum.

En ástæðan til þess, að heilbrigðis- og félagsmálanefnd deildarinnar klotnaði um afgreiðslu málsins, er ekki fyrst og fremst ágreiningur um framanrituð atriði, heldur um það atriði frumvarpsins, að aðrar bætur lífeyrstrygginga, þar á meðal ellistyrkur og örorkubætur, eiga aðeins að hækka um 5.2%. — Slík afgreiðsla væri að okkar áliti Alþingi til vanvirðu.

Þetta þýðir, að ellilífeyrir og örorkubætur einstaklings, sem nú er 3587 kr., á að hækka í 3774 kr., eða um eitt hundrað áttatíu og sjö krónur á mánuði. — Ellilífeyrir og örorkubætur hjóna eiga skv. frumvarpinu að hækka úr 6457 kr. í 6793 kr. — Það er um 336 kr. á mánuði, eða um 168 kr. á hvort hjóna um sig.

Getur svona breyting laga borgað skrifinnnskuna, sem af breytingunni leiðir? Getur það verið, að íslenskt þjóðfélag sé svo illa stætt, að svona þurfi að leika þá, sem lokið hafa lífsstarfi sínu í þágu þjóðarinnar?

Er ekki augljóst mál, að sé litið á kaupmátt ellilífeyris og örorkubóta, er hér ekki um hækkun, heldur um mikla lækkun þessara bóta að ræða.

Það viljum við í minni hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar ekki sætta okkur við og leggjum því til, að frumvarpið verði samþykkt með þessari

#### BREYTINGU:

Í stað tölunnar „5.2%“ í 2. málsg. 1. gr. komi: 15%.

Alþingi, 16. marz 1970.

Hannibal Valdimarsson,  
frsm.

Jón Kjartansson.

Jónas Árnason.